

19.tbl.

1. júní. 2022

29 árg.

# Hlaupastelpán

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386

## Hátiðarguðspjónusta

Reykjahlíðarkirkju

verður á hvítasunnudag 5. júní 2022  
í Reykjahlíðarkirkju klukkan 14:00

Kórar sóknanna syngja. Organisti og söngstjóri Attila Szebik  
Gleðilega hátið og verið velkomin!

sr.Örnólfur

## Fermingarmessa

Draflastaðakirkju

Fermingarmessa verður í Draflastaðakirkju í Fnjóskadal  
hvítasunnudag , 5. júní nk. kl. 14.00.  
Fermdur verður Daníel Orri Sigurðarson

Félagar úr kirkjukór mun leiða safnaðarsöng  
Dagný Pétursdóttir organisti og kórstjóri.

Allir velkomnir!

Sr. Gunnar Einar Steinsgrímsson



STARF

# Viltu hjálpa okkur að varðveita auðlindina?

Í græna hagkerfinu er dyggð að nýta vel hið gamla og fara vel með þær auðlindir og eignir sem við gætum fyrir komandi kynslöðir. Auk þess að vinna rafmagn úr endurnýjanlegum auðlendum leggjum við hjá Landsvirkjun áherslu á að viðhalda mannvirkjum okkar sem best, til að lengja líftíma þeirra og nýtingu. Nú þurfum við viðhaldsstjórá Í Mývatnssvæði til að hjálpa okkur að skila rekstrinum í góðu ástandi til komandi kynslöða.

Viðhaldsstjóri Í Mývatnssvæði hefur umsjón með rekstri, eftirliti og viðhaldi afstöðva og veitumannvirkja og er staðgengill stöðvarstjóra.

## Hæfniskröfur:

- Menntun á véla- og/eða rafmagnssviði
- Lipurð í samskiptum og samstarfshæfni
- Stjórnunarreynsla æskileg
- Reynsla og þekking á svíði gæðastjórnunar, viðhaldsstjórnunar, verkefnisstjórnunar, rafmagnsöryggisstjórnunar, verkstjórnunar og áætlunargerðar er æskileg
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæði í starfi
- Góð tölvukunnáttu

## Umsóknarfrestur er til og með 14. júní

Fyrirspurnir um starfið má senda á  
[starf@landsvirkjun.is](mailto:starf@landsvirkjun.is)

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar  
[landsvirkjun.is/laus-storf](http://landsvirkjun.is/laus-storf)



## Aðalfundur Velferðasjóðs þingeyinga

verður haldinn í Bjarnahúsi á Húsavík

1. júní 2022 klukkan 16:30.

Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnin

### Ágætu íbúar

### sameinaðs sveitarfélags Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Við höfum á undanfarinni viku heimsótt skrifstofur sveitarfélagsins í Reykjahlíð og á Laugum og áttum gott samtal um það sem starfsfólk er að eiga við frá degi til dags og þökkum kærlega fyrir móttökurnar. Við stefnum á heimsóknir í skóla sveitarfélagsins á næstu dögum að skoða þeirra góða starf.

Við í E-listanum höfum verið að vinna að uppstillingu og hlutverkaskiptingu innan hópsins fyrir komandi verkefni. Í ljósi þeirrar stöðu að sameining sveitarfélaganna stendur yfir, þá höfum við sammælst um að Gerður Sigtryggsdóttir verði oddviti E-listans, í ljósi reynslu hennar af stjórnunarstörfum m.a. hjá Þingeyjarsveit sem skrifstofustjóri og staðengill sveitarstjóra.

Þaðað hefur verið til fundar með undirbúningsstjórn næsta miðvikudag, þann 1.júní. Þar fáum við yfirferð á þeim málum sem eru í gangi í sveitarfélagini og fáum sýn undirbúningsstjórnarinnar á stöðu verkefna.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum tekur nýkjörin sveitarstjórn við störfum 15 dögum eftir kjördag, sem er 29.maí næstkomandi. Ný sveitarstjórn hefur ekki umboð til athafna eða ákvarðana fyrr en eftir fyrsta fund. Til fyrsta fundar boðar sá sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórninni, þó ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar.

Það eru mörg krefjandi og spennandi verkefni framundan sem við þurfum öll að leggjast á árarnar með, til að sem best gangi. Við erum spennt fyrir komandi verkefnum og hlökkum til að eiga gott samstarf við K-lista á komandi kjörtíma-bili.

Sumarkveðja,

E-listinn

## Kveðja frá sveitarstjóra við starfslok

Kæru íbúar

Þann 29. maí sl. lét ég af störfum hjá hjá Þingeyjarsveit og mig langar að þakka ykkur kærlega fyrir góð kynni og samskipti í gegnum árin. Þetta eru orðin 12 ½ ár sem ég hef starfað hjá sveitarfelaginu, fyrst sem verkefnastjóri, því næst sem skrifstofustjóri og sl. tú ár sem sveitarstjóri. Þessi ár hafa liðið ótrúlega hratt en þannig er það þegar verkefnin eru skemmtileg, krefjandi og lærdómsrík. Ég geng þakklát og sátt frá borði og óska ykkur öllum alls hins besta. Takk fyrir mig.

Með kærleikskveðju

Dagbjört Jónsdóttir



## Aðalfundur Reykjahlíðarsóknar

verður haldinn föstudaginn 3. júní nk kl 17.00 í kirkjunni.

Dagskrá;

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosningar
- Önnur mál.

Pétur Snæbjörnsson  
formaður sóknarnefndar